

er í Seyðisfirði með opnu brjefi 14. desember 1842, skuli 1855.
setja á Fjarðaröldu, í áframhaldandi röð frá húsi því, er Thom- 6. janúar.
sen kaupmaður hefur byggt þar, og felum Vjer einnig allramildi-
legast innanríkisstjórn Vorri á hendur að ákveða nákvæmar
takmörkin fyrir stærð kaupstaðarins, þegar hún hefur fengið
frumvarp um það frá hlutaðeigandi embættismönnum; þó skal
hinum núverandi eigendum verzlunar Öruns & Vulffs sjálfum
heimilt að verzla framvegis í kaupstað þeim, sem þeir hafa
byggt á Vestdalseyri”.

2. Umburðarbrjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamt- 29. janúar. mannsins og amtmannanna á Íslandi um kvartanir Íslendinga yfir skorti á kornvörum í kaupstöðunum.

Það hefur opt borið við, einkum á seinni tímum, að yfir-
völdin á Íslandi og landsmenn hafa leitað til stjórnarinnar, þegar
það einhverra hluta vegna, hefur þótt líklegt, að hætt væri við
að landið væri ekki nógu byrgt af nauðsynjavörum, einkum korn-
vörum, og beðið hana að hlutast svo til að ráðið yrði úr þess
konar skorti, og hefur stjórnin, eins og stiptamtmaðurinn (amt-
maðurinn) veit, leitast við að verða við þessum bænum þeirra,
að því leyti sem hún hefur getað.

En þegar að nú lögin 15. apríl f. á. um siglingar og verzlun
á Íslandi hafa leyft útlendum þjóðum að sigla á allar hafnir á
landinu, flýtur af því, að hvorki stjórnin eða danskir kaupmenn
geta haft neina sjerlega skyldu til að annast um vörubygðir í
landinu framvegis, og biður því stjórnin stiptamtmanninn (amtm.)
að láta menn í sínu umdæmi vita, að þeir verði sjálfir að hafa
fyrirhyggju fyrir því að byrgja sig með alls konar nauðsynja-
vörum, og þeir megi ekki vænta neinnar sjerlegrar hjálpar frá
stjórninni í því efni.